



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LOS ANGELES
REYKJAVÍK

LA REYKJAVÍK



5. OKTÓBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru teknir upp í mynd og streymt beint á vef hljósveitarinnar sinfonia.is.

Tónleikarnir eru einnig í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Sálmasinfónía: 22'

Scheherazade.2: 50'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljósveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



FM 05 ^{OKT} 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

LA / REYKJAVÍK

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz
einleikari

Hamrahlíðarkórarnir

Þorgerður Ingólfssdóttir
kórstjóri

EFNISSKRÁ

Ígor Stravinskíj

Sálmásinfónía (1930)

- I. Exaudi orationem meam –
- II. Expectans expectavi Domine –
- III. Laudate Dominum

Hlé

John Adams

Scheherazade.2 (2015)

- I. Saga af viturri ungri konu – Á flóttu undan ofsatrúarmönnum
- II. Hin mikla þrá (Ástarsena)
- III. Scheherazade og skeggjuðu mennirnir
- IV. Undankoma, flótti, griðastaður

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann er mikils metið tónskáld og hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013).

Í ágústmánuði voru frumflutt eftir Daníel tvö ný verk, óperan *Brothers* í Árósum og nýr fiðlukonsert í Hollywood Bowl, sem var pantaður af Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir margvættu hlutverki bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og stýra tónskáldastofu.



LEILA JOSEFOWICZ

EINLEIKARI

Kanadíski fiðluleikarinn Leila Josefowicz hefur um árábil verið meðal helstu fiðluleikara heims og hefur lagt sérstaka rækt við flutning nýrrar tónlistar. Hún hlaut hin virtu MacArthur-verðlaun árið 2008 fyrir framlag sitt til samtímatónlistar og kemur reglulega fram með færustu hljómsveitum víða um heim. Nú nýverið hefur hún m.a. komið fram með Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Cleveland-hljómsveitinni og Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles.

Fjöldi tónskálda hefur samið fiðlukonserta sérstaklega fyrir Josefowicz, meðal annars John Adams, Esa-Pekka Salonen, Colin Matthews og Steven Mackey. Hún frumflutti fiðlukonsertinn *Scheherazade.2* í mars 2015 með Fílharmóníuhljómsveitinni í New York, og árið 2014 frumflutti hún fiðlukonsert eftir Luca Francesconi ásamt Sænsku útvarpshljómsveitinni og flutti verkið skömmu síðar á Proms-hátíð BBC í Royal Albert Hall, en á þeirri hátíð hefur hún komið fram alls fimm sinnum.

Josefowicz vakti snemma eftirtekt fyrir tónlistargáfur sínar, en hún hóf fiðlunám þriggja ára gömul. Þegar hún var 13 ára fluttist fjölskyldan til Philadelphiu svo að hún gæti stundað nám við hinn virta Curtis-tónlistarháskóla. Hún debúteraði í Carnegie Hall árið 1994, þá aðeins sautján ára gömul, og sama ár gerði hún sinn fyrsta plötusamning. Josefowicz hefur hljóðritað fjölda geisladiska, m.a. fyrir Deutsche Grammophon, Philips/Universal og Warner Classics. Hljóðritun hennar á fiðlukonserti Esa-Pekka Salonens var tilnefndur til Grammy-verðlauna árið 2014.

HAMRAHLÍÐAR- KÓRARNIR

Hamrahlíðarkórarnir hafa um áratuga skeið verið í fararbroddi íslenskra æskukóra. Í haust eru liðin 50 ár frá því að Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður, og 35 ár eru liðin frá því að kór eldri nemenda, Hamrahlíðarkórinn, var settur á stofn. Kórarnir vinna oft að sameiginlegum verkefnum og hafa unnið hvern sigurinn af öðrum á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um heim.

Árið 1984 hlaut Hamrahlíðarkórinn fyrstu verðlaun í flokki æskukóra í kórakeppni evrópskra útvarpsstöðva, Let the peoples sing. Fjöldmörg tónskáld hafa samið verk fyrir Þorgerði og Hamrahlíðarkórana og hafa ótalmargar upptökur verið gerðar fyrir útvarp og sjónvarp innanlands sem utan. Þrjár hljómplötur og tíu geisladiskar hafa komið út með söng kóranna, nú síðast diskur með eldri hljóðritunum sem fylgir bókinni *Kveðið í bjargi*, þar sem rakin er saga kórstarfsins og samstarf kóranna við íslensk og erlend tónskáld. Tveir hljómdiskar með söng kórsins eru væntanlegir innan skamms: ný plata Bjarkar Guðmundsdóttur og diskur með tónlist Daníels Bjarnasonar þar sem kórarnir syngja verk hans, *The Isle is Full of Noises*. Hamrahlíðarkórinn var valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2002 og hefur tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Hamrahlíðarkórarnir hafa átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 1975, þegar stúlkur úr kórnum fluttu Nocturnes eftir Debussy með hljómsveitinni. Alls hafa kórarnir sungið 19 tónverk með Sinfóníuhljómsveitinni, meðal annars Níundu sínfóníu Beethovens, Sálumessu Mozarts og *Dafnis og Klói* eftir Ravel. Kórarnir hafa fjórum sinnum komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu, í *Chichester Psalms* eftir Leonard Bernstein árið 2013, *The Isle is Full of Noises* eftir Daníel Bjarnason 2014, og *Tu Deum* eftir Arvo Pärt og *My Heart is Inditing* eftir Händel árið 2016.



ÞORGERÐUR INGÓLFSSDÓTTIR

KÓRSTJÓRI

Þorgerður Ingólfssdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahlíðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika í yfir 25 þjóðlöndum, meðal annars á mörgum helstu kórahátíðum heims í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Þorgerður var aðalstjórnandi æskukórsins Radda Evrópu sem var víðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000, þar sem söngvarar frá hverri borg sameinuðust í stórum kór sem hélt tónleika um álfuna þvera og endilanga. Fyrir það verkefni samdi Arvo Pärt verkið *which was the son of...*, sem hann tileinkaði Þorgerði. Þorgerður stjórnaði jafnframt Röddum Íslands, kór 150 ungra kórsöngvara af öllu landinu sem kom fram á opunarhátíð Hörpu 13. maí 2011.

Þorgerður hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín. Þar má meðal annars nefna riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu og stórriddarakross hinnar konunglegu norsku heiðursorðu. Hún hlaut nafnbót borgarlistamanns Reykjavíkur árið 2012 og heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2013. Árið 2016 hlaut Þorgerður viðurkenningu frá menntavísindasviði Háskóla Íslands fyrir framúrskarandi starf sem kennari.



ÍGOR STRAVINSKÍJ

SÁLMAINFÓNÍA

Los Angeles telst tæpast með mestu tónlistarborgum heimsins, að minnsta kosti þegar klassísk tónlist á í hlut. Þó hafa ótal tónskáld auðvitað átt þar heima, bæði Bandaríkjamenn og Evrópubúar, og allnokkrir hinna síðarnefndu fundu þar griðastað á árum heimsstyrjaldarinnar síðari. Arnold Schönberg og Ígor Stravinskíj bjuggu þar báðir; á síðustu áratugum hefur finnski hljómsveitarstjórinn og tónskáldið Esa-Pekka Salonen starfað þar með góðum árangri. Það var einmitt Salonen sem í samstarfi við Daníel Bjarnason átti heiðurinn að skipulagningu tónlistarhátíðarinnar Reykjavík Festival í Los Angeles í apríl síðastliðnum, og er Los Angeles-hátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands eins konar þakklætisvottur fyrir þann heiður sem íslenskri tónsköpun var þar sýnd.

Ígor Stravinskíj (1882–1971) sigldi til Bandaríkjanna í september 1939, aðeins fáeinum vikum eftir að styrjöld braust út á meginlandi Evrópu. Fyrsti áfangastaður hans var Boston, þar sem hann hélt fyrirlestra við Harvard-háskóla sem síðar voru gefnir út á bók, en að fáeinum mánuðum liðnum hélt hann vestur til Hollywood og festi kaup á húsi við North Wetherly Drive. Þar bjó hann næstu 30 árin og var það lengsta búseta hans í nokkurri borg um ævina. Þótt Stravinskíj hefði aldrei fyrir komið til Bandaríkjanna hafði hann samið tónverk fyrir bandaríska flytjendur, og *Sálmasinfónían* var einmitt fyrsta verkið sem hann samdi sérstaklega fyrir Bandaríkin.

Síðla árs 1929 falaðist hljómsveitarstjórinn Serge Koussevitzky eftir nýju verki frá Stravinskíj handa Sinfóníuhljómsveitinni í Boston í tilefni af hálftrar aldar afmæli hennar. Koussevitzky var fæddur í Rússlandi og hafði kynnst Stravinskíj þar, en eftir byltinguna fluttist hann til Boston og stjórnaði þar sinfóníuhljómsveit borgarinnar í aldarfjórðung. Koussevitzky var óþreytandi við að kynna nýja tónlist og meðal annarra verka sem hann pantaði í tilefni afmælisins voru píanókonsert Ravels í G-dúr og *Konzertmusik* Hindemiths, auk þess sem Respighi, Prokofiev og Honegger lögðu til ný tónverk. Stravinskíj lauk við *Sálmasinfóníuna* í Frakklandi í ágúst 1930 og upphaflega var áformað að flytja hana í Boston 12. desember, en aflýsa þurfti tónleikunum þar sem Koussevitzky veiktist á síðustu stundu. Verkið heyrðist fyrst í Brussel degi síðar undir stjórn Ernest Ansermet.


Koussevitzky gerði ráð fyrir að Stravinskíj myndi semja sífónískt verk með hefðbundnu sniði en tónskáldið fór sínar eigin leiðir og nýja tónsmíðin varð kórverk við texta úr Davíðssálmum. Um jólaleytið 1929 tók Stravinskíj að hripa niður hendingar við 40. Davíðssálm og skömmu síðar festi hann á blað drög að því sem síðar urðu hröðu kaflarnir í þriðja þætti („Laudate Dominum“).

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sálmasinfónían hefur fjórum sinnum áður verið flutt á Íslandi. Röbert A. Ottósson stjórnaði Söngsveitinni Fílharmóníu þegar verkið var flutt árið 1965, og Karsten Andersen sama kór áratug síðar. Jean-Pierre Jacquillat hélt um tónsprotann þegar Sálmasinfónían hljómaði á tónleikum Sí í apríl 1984 í flutningi Hamrahlíðarkóranna. Síðast heyrðist Sálma-sinfónían á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar haustið 2007 og þá sungu Hamrahlíðarkórarnir undir stjórn Thomasar Adés.

Hljóðfæravalið er harla óvenjulegt en það hafði raunar lengi verið styrkur Stravinskíjs að geta skapað nýjan hljóðheim í hverju verki, hvort sem um er að ræða risavaxna fornaldarhljómsveit *Vorblóts* eða austurlenskt píanóslagverk í *Les noces*. Í *Sálmasinfóníunni* er kórinn í forgrunni ásamt tveimur píanóum og blásurum. Stravinskíj sleppir aftur á móti fiðlum, lágfiðlum og klarínettum, þar sem hann óttaðist að þessi hljóðfæri myndu gefa tónlistinni of „tilfinningasaman“ blæ. Að þessu leyti er hljómur verksins dæmigerður fyrir hið nýklassíska skeið hans (1923–52) þar sem hann reyndi að draga úr því sem honum þótti óþarfa tilfinningasemi tónlistarflytjenda. Stravinskíj kaus að hafa tónlistarflutninginn jafn tæran og sjálf innihaldið, og helst vildi hann láta barnakór syngja sópran og alt þótt hann hafi notast við fullorðinsraddir í báðum hljóðritunum sínum á verkinu (frá árunum 1931 og 1963).

Fyrsti þáttur hefst með snörpum hljómi þar sem píanóin eru í forgrunni. Annars er þátturinn að mörgu leyti eitt stórt *crescendo* sem nær hápunkti í lokatöktunum. Miðkaflinn sýnir glöggt áhrif Bachs á nýklassíska tónsköpun Stravinskíjs. Þátturinn er tvöföld fúga, þ.e. fyrst leika einleiksblásarar eina fúgu og síðan syngur kórinn aðra. Að lokum hljóma báðar fúgurnar um leið og þarf nokkuð hyggjuvit til þess að þannig gangi allt fullkomlega upp. Lokakaflinn bar upphaflega yfirskriftina *Allegro symphonique*. Stravinskíj sagði síðar að tónlistin væri „lofsöngur sem ætti helst að dansa við, rétt eins og Davíð dansaði frammi fyrir örku Drottins forðum“. Hér fléttar hann saman tvenns konar trúarstemningu, annars vegar upphafna kyrrð „Alleluia“-kaflanna sem snúa aftur í sífellu sem eins konar viðlag, hins vegar hraðan fagnaðarsöng með sibreytilegum áherslum.



JOHN ADAMS

SCHEHERAZADE.2

John Adams (f. 1947) er eitt helsta núlifandi tónskáld Bandaríkjanna. Hann fæddist í Massachusetts og lærði við Harvard-háskóla, en hefur um árabil verið búsettur í Los Angeles og á að baki farsælt samstarf við filharmóníuhljómsveit borgarinnar. Adams var á fyrri hluta ferils síns í fararbroddi þeirra tónskálda sem kenna sig við naumhyggju, en undanfarna áratugi hefur hann fetað braut sem kannski má kalla „síð-naumhyggju“ (*post-minimalism*) enda eru verk hans fjölbreytt hvað stíl og inntak varðar. Adams hefur samið ótal hljómsveitarverk og óperur, meðal annars *Nixon in China* (1987), *The Death of Klinghoffer* (1991) og *Doctor Atomic* (2005) sem allar sækja yrkisefni sín í samtímann og hafa jafnvel vakið harðar deilur. Verkið sem hér hljómar, *Scheherazade.2*, markar á sinn hátt tímamót á ferli Adams því það er talsvert ómstríðara en flest það sem hann hefur áður látið frá sér fara.

Adams kallar *Scheherazade.2* „dramatíska sinfóníu fyrir fiðlu og hljómsveit“. Leila Josefowicz og Filharmóníuhljómsveitin í New York frumflutti verkið í mars 2016 og hljóðritun hennar var tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrr á þessu ári. Adams segist hafa fengið innblástur að verkinu þegar hann heimsótti sýningu í París um sögu sagnasafnsins vinsæla Þúsund og ein nótt, sem á 19. öld varð öðru tónskáldi, Nikolai Rimskíj-Korsakov, efniviður í hljómsveitarverkið *Scheherazade* þar sem fiðla er einnig í forgrunni. Það verk leggur út af sögunni um soldáninn Shakriar sem þykist viss um að konur séu allar svikular. Því strengir hann þess heit að festa sér nýja brúði hvern dag og taka hana svo aflífi að morgni. En Sheherazade bjargar lífi sínu með því að segja manni sínum ævintýralegar sögur í þúsund og eina nótt; að lokum lætur hann af ásetningi sínum og gefur konu sinni grið.

Að sögn kom það Adams í opna skjöldu hversu áberandi leiðarstef í Þúsund og einni nótt er grimmd og ofbeldi gegn konum. Þetta varð honum tilefni til að hugleiða kúgun kvenna í samtíma okkar í dag. Adams segir sjálfur: „Í gömlu sögninni er Scheherazade lánsöm, því að henni tekst með miklu hugviti að bjarga lífi sínu. Í sjálfu sér er þetta þó vart fagnaðarefni þegar haft er í huga að henni er þyrmt aðeins vegna þess að henni tekst stöðugt að spinna nýjar sögur til að skemmta morðóðum manni sínum.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Scheherazade.2 hljómar á Íslandi, en áður hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands flutt nokkur verk eftir Adams. Short Ride in a Fast Machine hljómaði í Háskólabíói haustið 2002, Leila Josefowicz lék fiðlukonsert hans árið 2004 undir stjórn Rumons Gamba, og Sinfóníuhljómsveitin flutti Doctor Atomic-sinfóníuna í Hörpu árið 2014 undir stjórn Baldurs Brönniman.

Með þetta í huga hóf Adams að smíða verk þar sem einleiksfíðla fengi hlutverk Scheherazade og þar sem hlustandinn fylgdist með glímu hennar og tilveru í karlavelði. „Ég tók að velta fyrir mér hvernig Scheherazade myndi birtast okkur í samtímanum. Nokkrar sterkar konur komu upp í hugann, til dæmis ungi íranski háskólaneminn Neda Agha Soltan, sem var skotin til bana á friðsamlegum mótmælafundi í Teheran árið 2009. Eða konur sem ráðist er á og jafnvel teknar af lífi af trúarofstæksmönnum í ótal löndum: Indlandi, Pakistan, Afganistan – hvar sem er á jarðarkringlunni, jafnvel í Bandaríkjunum.“

Scheherazade.2 er í fjórum þáttum. Verkið hefur ekki eiginlegan söguþráð en Adams bregður hér upp nokkrum myndum. Í fyrsta þætti birtist okkur fögur og kraftmikil kona sem flýr ofríki ofsatrúarmanna, en annar kafli er ástarsena, bæði blíð og ofbeldisfull. Þá kemur þáttur þar sem Adams ímyndar sér skeggjaða trúarofstækismenn rétta yfir Scheherazade og öskra á hana, en hún hleypur á flótta. Loks tekst henni að finna griðastað, nokkuð sem „hlýtur að vera takmark hverrar konu sem er kúguð af karlmanni eða -mönnum,“ segir Adams. Hann kallar verkið „dramatíska sinfóníu“, yfirskrift sem hann fær að láni hjá Hector Berlioz. Tónlistin hefur á köflum austrænt yfirbragð, ekki síst þegar leikið er á cimbalom, en rulla þess í verkinu er fremur viðamikil.

John Adams samdi verk sitt sérstaklega fyrir Leilu Josefowicz, en þau hafa átt farsælt samstarf um áratuga skeið. Tónskáldið segir að Leila sé „fullkominn holdgervingur þess krafts og þeirrar orku sem ég ímynda mér að Scheherazade myndi hafa á okkar dögum“.

Árni Heimir Ingólfsson

SÖNGTEXTAR

I.

Exaudi orationem meam, Domine,
et deprecationem meam.
Auribus percipe lacrymas meas. Ne sileas,
quoniam advena ego sum apud te et peregrinus,
sicut omnes patres mei.
Remitte mihi, prius quam abeam
et amplius non ero.

Psalmus XXXVIII, 13-14

II.

Expectans expectavi Dominum,
et intendit mihi.
Et exaudivit preces meas;
et eduxit me da lacu miseriae, et de luto faecis.
Et statuit super petram pedes meos:
et direxit gressus meos.
Et immisit in os meum canticum novum,
carmen Deo nostro.
Videbunt multi et timebunt:
et sperabunt in Domino.

Psalmus XXXIX, 2-4

III.

Alleluia.
Laudate Dominum in sanctis ejus.
Laudate eum in firmamento virtutis ejus.
Laudate eum in virtutibus ejus:
Laudate eum secundum multitudinem
magnitudinis ejus.
Laudate eum in sono tubae.
Laudate eum in tympano et choro,
Laudate eum in cordis et organo;
Laudate eum in cymbalis benesonantibus:
Laudate eum in cymbalis jubilationis.
Omnis spiritus laudet Dominum.
Alleluia.

Psalmus CL

I.

Heyr bæn mína, Drottinn,
og hlýð á kvein mitt,
ver eigi hljóður við tárur mínum,
því að ég er aðkomandi hjá þér,
útlendingur eins og allir feður mínir.
Lít af mér, svo að hýrna megí yfir mér,
áður en ég fer burt og er eigi til frammar.

Davidssálmur 39, 13-14

II.

Ég hefi sett alla von mína á Drottin,
og hann laut niður að mér og heyrði kvein mitt.
Hann dró mig upp úr glötunargröfinni,
upp úr hinni botnlausu leðju,
og veitti mér fótfestu á kletti,
gjörði mig styrkan í gangi.
Hann lagði mér ný ljóð í munn,
lofsöng um Guð vorn.
Margir sjá það og óttast
og treysta Drottni.

Davidssálmur 40, 2-4

III.

Halelúja.
Lofið Guð í helgidómi hans,
lofið hann í voldugri festingu hans!
Lofið hann fyrir máttarverk hans,
lofið hann eftir mikilleik
hátignar hans!
Lofið hann með lúðurhljómi.
Lofið hann með bumbum og gleðidansi,
lofið hann með strengleik og hjarðpípum!
Lofið hann með hljómandi skálabumbum,
lofið hann með hvellum skálabumbum!
Allt sem andardrátt hefir lofi Drottin!
Halelúja.

Davidssálmur 150

HAMRAHLÍÐARKÓRARNIR

Agnes Ásta Guðmundsdóttir
Anna Pálína Baldursdóttir
Arnaldur Gylfi Þórðarsson
Arvid Ísleifur Sch. Jónsson
Auðólfur Gunnarsson
Ásgeir Kjartansson
Ásgrímur Ari Einarsson
Áslákur Ingvarsson
Ásta Sigríður Arnardóttir
Ástrós Sigurjónsdóttir
Baldvin Snær Hlynsson
Bergur Nordal
Bergur Páll Birgisson
Bergur Þórisson
Birgitta Björg Guðmarsdóttir
Bjarki Hall
Björn Ari Örvarsson
Breki Hrafn Ómarsson
Breki Sigurðarson
Brynhildur Ruth Þorbjarnardóttir
Dilljá Böðvarsdóttir
Elisabet Sól Þorkelsdóttir
Emil Gauti Friðriksson
Enar Kornelius Leferink
Erling Róbert Eydal
Erni Ómarsson
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Finnur Jónsson
Freyja Jónsdóttir
Friðgeir Ingi Jónsson
Garðar Helgi Biering
Guðmundur Geir Hauksson
Guðni Páll Guðmundsson
Guðný Margrét Eyjólfssdóttir
Guðrún Elena Magnúsdóttir
Guðrún Emma Júlíusdóttir
Guðrún Lára Þórsdóttir
Gunnar Björn Gunnarsson
Gunnar Dofri Viðarsson
Gunnar Haraldsson
Hafrún Birna Björnsdóttir
Halldóra Líney Finnsdóttir
Halldóra Ósk Helgadóttir
Harpa Óskarsdóttir
Haukur Óskar Þorgeirsson
Heiða Darradóttir
Heiðrún Inga Guðmundsdóttir
Heiðrún Vala Einarssdóttir
Hekla Martinsdóttir Kollmar

Helga Guðný Hallsdóttir
Hera Magdalena Steinunnar
Eiríksdóttir
Herdis Ágústa Linnét
Hertha Kristín Benjamínsdóttir
Hildur Elísa Jónsdóttir
Hildur Fjalarsdóttir
Hilma Kristín Sveinsdóttir
Hjalti Nordal
Hjalti Vigfússon
Hólmfríður Hafliðadóttir
Hugi Kjartansson
Hugrún Britta Kjartansdóttir
Hulda Kristín Hauksdóttir
Iðunn Einarssdóttir
Iðunn Jónsdóttir
Ingibjörg Ragnheiður Linnét
Ivana Milutinović
Jakob van Oosterhout
Jara Hilmarsdóttir
Jóhanna Malen Skúladóttir
Jón Bjartur Þorsteinsson
Jón Logi Pálmason
Jón Nordal
Júlía Gunnarsdóttir
Jökull Sindri Gunnarsson
Katla Kristjánsdóttir
Katrín Guðnadóttir
Katrín Helena Jónsdóttir
Katrín Helga Ólafsdóttir
Katrín Kjartansdóttir
Katrín Lóa Hafsteinsdóttir
Katrín Svava Másdóttir
Kjartan Ólafur Gunnarsson
Klara Rosatti
Kolbeinn Arnarson
Kormákur Logi Bergsson
Kristín Sesselja Einarssdóttir
Kristófer Andrésson
Laufey Ósk Jónsdóttir
Laura Sólveig Lefort Scheefer
Líneik Jakobsdóttir
Magna Þórey Guðbrandsdóttir
Magnús Magnússon
Maja Snorradóttir
Margrét Aðalheiður Önnu
Þorgeirsdóttir
María Ása Auðunsdóttir
Márus Björgvín Gunnarsson

Melkorka Gunborg Briarsdóttir
Móeiður Una Ingimarsdóttir
Móeiður Kristjánsdóttir
Óðinn Jökull Björnsson
Ólafur Baldvin Jónsson
Ólöf Sesselja Ingimundardóttir
Ragnar Núi Gunnarsson
Ragnheiður Helga Guðjónsdóttir
Ragnheiður Dóra Jónsdóttir
Salóme Júlíusdóttir
Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir
Sigrún Ninna Sigurðardóttir
Sigurður Guðni Gunnarsson
Sigurgeir Ingi Þorkelsson
Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir
Símon Karl Sigurðarson Melsteð
Snorri Már Arnórsson
Sólveig Arngrímsdóttir
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Stefán Logi Baldursson
Stefán Nordal
Steinunn Lóa Lárussdóttir
Styrmir Hrafn Daniélsson
Sverrir Arnórsson
Sverrir Páll Sverrisson
Sylvía Spilliaert
Sæmundur Rögnvaldsson
Sölvi Rögnvaldsson
Tómas Arnar Guðmundsson
Tómas van Oosterhout
Tryggvi Pétur Ármannsson
Valgarður Ragnheiðar Ívarsson
Valgerður Kristjánsdóttir
Védís Drótt Cortez
Vigdís Þóra Másdóttir
Vigdís Kristín Rohleder
Vilborg Magnúsdóttir
Þóra Birgit Bernóusdóttir
Þórbergur Atli Þórssón
Þórður Hallgrímsson
Þórey Einarssdóttir
Þórhallur Tryggvason
Þórhildur Katrín Baldursdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Þórunn Eir Pétursdóttir

MEDLEIKARI Á ÆFINGUM

Snorri Sigfús Birgisson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

5. OKTÓBER 2017

1. FIDLA

Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Mark Reedman
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Rocco Malagoli
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Greta Salóme Stefánsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Þóra Margrét Sveinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daniel Bogorad
Malin Klingborg
Daði Kolbeinsson
Össur Ingi Jónsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Ármann Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Eugénie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Baldvin Oddsson
Vilhjálmur Ingi Sigurðsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Elliot Dushman

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PIÁNÓ

Valgerður Auður Andrésdóttir

PÁKUR

Steef van Oosterhout

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

CIMBALOM

Chester Englander

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjödamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



SKÓLAKORTIÐ SNILLD Í HVERRI VIKU

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.700 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar. Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu
Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS